



Samkomulag um kaup hlutabréfa í Búnaðarbankanum

Fréttatilkynning

Samkomulag við Eglu ehf., Samvinnulífeyrissjóðinn og Vátryggingafélag Íslands hf.

Framkvæmdanefnd um einkavæðingu annars vegar og Eglu ehf., Samvinnulífeyrissjóðurinn og Vátryggingafélag Íslands hf. hins vegar hafa náð samkomulagi um kaup þeirra síðar nefndu á 45,8% hlutabréfa í Búnaðarbanka Íslands hf. Söluverð er rúmlega 11,9 milljarðar kr. Samkomulagið er gert með fyrirvara um áreiðanleikakönnun beggja aðila. Helstu atriði samkomulagsins eru eftirfarandi:

- Afhending hlutabréfanna og greiðsla verður tvískipt. Annars vegar 27,48% hlutafjár í kjölfar undirritunar kaupsamnings og hins vegar 18,32% eigi síðar en 20. desember 2003.
- Núvirt meðalgengi hlutabréfa í viðskiptunum er 4,81.

Eglu ehf. er í eigu Eignarhaldsfélagsins Samvinnuþryggingar og Kers hf. auk þess sem ein eða fleiri erlendar fjármálastofnanir munu eiga aðild að félaginu.

Eftir þessi viðskipti verður eignarhlutur ríkisins í Búnaðarbankanum um 9 %.

Áformað er að kaupsamningur verði frágenginn fyrir lok ársins.

Reykjavík, 16. nóvember 2002
